

95 Áður en dómari úrskurði sektir, án þess að mál fari undir dóm, skal 30. júní málið borið undir stjórnarráðið.

6. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað og fellur þá um leið úr gildi reglugjörð 24. þ. m.

I stjórnarráði Íslands, 30. júní 1916.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

96
1. júlí

Breyting

á erindisbrjefi fyrir fiskimatsmenn frá 12. ágúst 1910.

5. gr. í erindisbrjefi 12. ágúst 1910 fyrir fiskimatsmenn skal vera svohljóðandi:

Þeir fá í kaup 75 auro um klukkustund hverja á virkum dögum og 1 krónu um klukkustund hverja á helgum dögum, sem þeir eru að vinnu, hvort sem það er við sortering fisksins eða með umsjón með vikt hans, útskipun eða hleðslu. Fari matið fram utan hinnar löggiltu verslunarlóðar, telst borgunin fyrir þann tíma, er þeir verða að vera að heiman. Er þeim stranglega bannað að taka á móti nokkurri annari þóknun eða góðgjörðum hverju nafni, sem nefnist, frá þeim, sem fiskinn senda út, frá skipstjórum, skipsmönnum eða öðrum, sem hafa með fiskinn eða skipið, er flytja á fiskinn út, að sýsla.

Í stjórnarráði Íslands, 1. júlí 1916.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.